



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2HF06 og STÆR3VM06 veturinn 2025-2026.

**Kennarar:** Eggert Hafsteinsson, Garðar Sigurðsson, Hera Gautadóttir, Jóhanna Katrín Eggertsdóttir og Ólafur Steinar Ragnarsson

**Kennslugögn:** Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti, Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti, Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar.

**Bekkir:** 5.M, 5.P, 5.Q, 5.R, 5.S og 5.T.

## Lýsing:

Hornaföll. Föll og gröf falla. Hornafallajöfnur. Samsett og andhverf föll. Vísis- og lograföll. Markgildi, samfelld og diffranleg föll.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

### Haustmisseri:

- Vika 1-5: Hornaföll og hornafallareglur og þríhyrningar (kaflar 2.1-2.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta ásamt kafla 3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk fyrri hluta).
- Vika 6-8: Hornaföll í þríhyrningum (kafla 2.4 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).
- Vika 11-14: Föll og gröf þeirra og bogamál og hornafallajöfnur (Kaflar 3.1-3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).

### Vormisseri:

- Vika 1-5: Eiginleikar falla og veldi (kaflar 3.4-3.6 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).
- Vika 6-9: Lograr, vísisföll og vísisvöxtur. (Kafli 1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar)
- Vika 10-12: Markgildi og samfelldni (kafla 2 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 13-14: Diffrun (kafla 3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).

## Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 5 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 4-5 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



## Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunn:**
  - Lesin og ólesin stærðfræði
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum á haustmisseri 1/3.
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum á vormisseri 1/3.
    - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, vinnubrögðum við heimanám, munnlegri og skriflegri framsetningu stærðfræðinnar, fræðilegri yfirsýn og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt). Fræðilega prófið gildir 1/3 og hitt 2/3.
- **Vorpróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt). Fræðilega prófið gildir 1/3 og hitt 2/3.